

**Nr. 095/14 Álfur SH 414****Olústífla**

Skipaskr.nr. 2830 IMO nr. 0  
Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast  
Stærð: brl. 13,13 bt.  
Mesta lengd: 11,06 m Skráð lengd: 11 m  
Breidd: 3,50 m Dýpt: 1,23 m  
Vél: Cummins 302 kW, 2004  
Fjöldi skipverja: 2  
**Gögn:**  
Gögn RNS



Álfur ©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2015 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 30. október 2014 var Álfur SH 414 á landleið til Ólafsvíkur. Veður: A 10-12 m/sek

Á siglingu til hafnar hafði nokkrum sinnum dregið niður í vélinni og hún stöðvast. Vélin var gangsett aftur en þegar báturinn var kominn upp undir hafnargarða stöðvaðist hún alveg. Skipstjóri reyndi að kalla í nærstaddan bát en fékk ekki svar.

Skipverjum tókst að handdæla brennsluolíu að vélinni en við það virtist hluti stíflunnar losna og hún fór í gang aftur. Skipverjum tókst síðan að sigla til hafnar í Ólafsvík en í ljós kom að um olústíflu var að ræða.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn skipstjóra höfðu inntaksgöt (5-6 göt) á inntaksröri úr olíubirgðageymi stíflast. Við nánari athugun kom í ljós að ekki reyndust mikil óhreinindi í geyminum en nægjanlegt til að orsaka stífluna á götunum. Enginn óhreinindi reyndust vera í forsúnni;
- að eftir atvikið var inntaksröri breytt. Skorið var af enda þess og olían ekki tekin í gegnum svona göt. Með þessu var talið að betra yrði að fylgjast með gæðum olíunnar þ.e.a.s. í gegnum forsúna.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.